

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld
(innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.).

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju. Þá barst nefndinni umsögn frá Samtökum sjávar-
útvegssveitarfélaga.

Við umfjöllun málsins kom fram að í frumvarpinu voru tekjur vanáætlaðar um 400 millj.
kr., þ.e. lækkun vegna skulda vegna kaupa á aflahlutdeild var áætluð 1.800 millj. kr. í stað
1.400 millj. kr. Áætlaðar heildartekjur ríkissjóðs af veiðigjöldunum munu jafnframt lækka
um 459 millj. kr. verði ekki tekið sérstakt veiðigjald af kolmunnaafli. Áhrif boðaðs sérstaks
veiðigjalds á kolmunna sérstaklega eru alvarleg miðað við afrakstur af kolmunnaveiðum. Við
núverandi markaðsaðstæður og boðað sérstakt veiðigjald er ljóst að aflaverðmæti dugar ekki
fyrir kostnaði við veiðar og vinnslu á kolmunna. Meiri hlutinn leggur því til að kolmunnaafli
verði undanþeginn sérstöku veiðigjaldi samkvæmt lögnum á fiskveiðiárinu 2013/2014.

Nefndinni bárust upplýsingar um að við samningu frumvarpsins hefðu verið gerð mistök
í 2. gr. þess. Þannig væri frádráttur vegna útflutningskostnaðar skv. 7. málsl. 2. efnismgr.
b-liðar 2. gr. látinn ná til alls óunnins fisks. Fram kom að frádráttarreglan ætti í raun aðeins
að miðast við slægðan botnfisk. Í ljósi þessara upplýsinga leggur meiri hlutinn til breytingu
á 7. málsl. 2. efnismgr. b-liðar 2. gr.

Í ljósi framangreinds leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftir-
farandi

BREYTINGU:

Við 2. gr.

- a. Við 1. efnismgr. b-liðar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Kolmunnaafli er undan-
þeginn sérstöku veiðigjaldi samkvæmt lögum þessum.
- b. 7. málsl. 2. efnismgr. b-liðar orðist svo: Þegar botnfiskur er seldur ferskur erlendis skal
draga frá verði hans 85 kr. á hvert kíló af slægðum fiski vegna kostnaðar við útflutning.

Jón Þór Ólafsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. júlí 2013.

Jón Gunnarsson,
form., frsm.

Haraldur Benediktsson.

Ásmundur Friðriksson.

Páll Jóhann Pálsson.

Þorsteinn Sæmundsson.

Þórunn Egilsdóttir.

